

Nr. 19.
22.
maí.

Lög

um

stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna stýrimannaskóla, til þess að gefa mönnum kost á kennslu í siglingafræði og til þess að búa lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið minna og hið meira. Við skóla þennan setur stjórnarráð Íslands fastan kennara með 1500 kr. launum á ári. Til húsnæðis fyrir skólann með eldivið og ljósi veitast 300 kr. Til tímakennslu við skólann veitast allt að 600 kr.

Stiptysfirvöldin skulu hafa umsjón yfir kennslunni, og skipa fyrir það, sem með þarf, um tilhögun á henni, niðurskipun kennslu-stunda, inntöku lærisveina í skólann o. fl. Kennsluna skal veita lærisveinum ókeypis.

Skólanum skal á kostnað landssjóðs fengin áhöld þau, er þörf er á við kennsluna.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtis:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logaríthma, í grundvallaratriðum flatamálsfræðinnar, og útreikningi hins rjetthyrnda þríhyrnings eptir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklinatíon og deviatíon og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælís-ins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eptir töflum þeim, sem til þess eru gjörðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eptir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreifingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreifingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;

Lov

om

Oprettelse af en Navigations-skole i Island.

Nr. 19.
22de
Maj.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Bort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Der oprettes i Reykjavik en Navigations-skole, hvis Formaal er at tilbyde Undervisning i Navigation og at forberede Eleverne til at underkaste sig den mindre og den mere fuldstændige islandske Styrmandsexamen. Ved denne Skole ansættes af Ministeriet for Island en fast Lærer med en aarlig Løn af 1500 Kr. Til Skolelokale tilligemed Brændsel og Belysning bevilges 300 Kr. Til Timeundervisning ved Skolen bevilges indtil 600 Kr.

Undervisningen staar under Stiftsøvrighedens Tilsyn, og denne anordner det Fornødne med Hensyn til Undervisningsplanen, Timefordelingen, Elevernes Antagelse m. v. Undervisningen meddeles Eleverne uden Betaling.

De til Undervisningen fornødne Apparater anskaffes til Skolen for Landskassens Regning.

§ 2.

Til den mindre fuldstændige islandske Styrmandsexamen udfordres:

- 1) Kundskab i Læren om almindelige Brøker, Decimalbrøker, Talforhold, Brugen af Logarithmer, de første Begreber af Geometrien, den trigonometriske Opløsning af den retvinklede Triangel;
- 2) Kundskab om Jordkloden, dens Form og Størrelse, Linier paa dens Overflade, Brede og Længde;
- 3) Kundskab om Kompassets Indretning og Brug, om Misvisning og Inklination, om Deviationen og hvorledes den findes, om Loggens og Loddets Indretning og Brug;
- 4) Begreb om Søfort i Almindelighed;
- 5) Kundskab om Journalføring, at kunne regne Bestik med de dertil indrettede Tabeller, at kunne udsætte Pladsen i Kortet saavel ved Brede og Længde som ved Indskæring af faste Punkter i Land, om Strøm og Afdrift, at kunne bestemme Kurs og Distance til et givet Sted;
- 6) Kundskab om Himmelfuglen og den daglige Bevægelse, om Gradenettene paa Himmelfuglen og Bestemmelse af Himmellegemernes Steder, om Solen og dens Egenbevægelse;
- 7) Kundskab om Oktanten eller Sextanten, samt at kunne undersøge og rette Spejlenes Stilling, at kunne maale Højden af et Himmellegeme og Vinkler mellem terrestriske Gjenstande;

- Nr. 19. 8. þekking á mælingu og skiptingu tímans;
 22. 9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
 maí. 10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
 11. að kunna að finna misvísun með sólmiðun;
 12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
 13. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
 14. þekking á reglum þeim, er fylgja skal, til að komast hjá ásiglingum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist allt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatamálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjó-úr og nota það, að ákveða stöðu þess eptir hæð sólar, eptir tímamerki eða eptir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjó-úrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínunum, byggðum á athugun sólar;
6. að kunna að finna lengdina með sjó-úrinu og hæð sólarinnar;
7. að þekkja björgunarverkfærin og notkun þeirra;
8. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og hin alþjóðlegu veðurmerki;
9. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
10. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gjört ljettan danskan stýl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
11. að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
12. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Við hið minna stýrimannspróf eru í henni hinn fasti kennari við skólann og tveir aðrir menn, er landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, en hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Við hið meira stýrimannspróf eru í prófnefndinni hinn fasti kennari við skólann og tveir menn aðrir, er stjórnarráð Íslands setur til þess í hvert skipti; til að eiga þátt í að dæma um kunnáttu í atriðum þeim, sem nefnd eru í 4 síðustu tölulíðum 3. greinar, getur þó landshöfðingi sett tvo aðra menn. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en verkefni til skriflega prófsins í stærðafraeði og siglingafræði skal stýrimannakennslu-forstjórninn í Kaupmannahöfn búa til og senda landshöfðingja í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

- 8) Kundskab om Tidens Udmaalning og Inddeling;
- 9) Kundskab om de Kættelser, der anvendes paa Solens maalte Højde;
- 10) at kunne finde Klokkeslettet, naar Solen staar op eller gaar ned;
- 11) at kunne finde Misvisningen ved Observation af Solen;
- 12) at kunne finde Bredden ved en Højde af Solen i Meridianen;
- 13) at kunne finde Klokkeslettet, naar Høj- og Lavvande indtræffe;
- 14) Kjendskab til de gjældende Bestemmelser om Forholdsregler for at undgaa Paasejling.

Nr. 19.
22de
Maj.

§ 3.

Til den mere fuldstændige islandske Styrmandsexamen udfordres Alt, hvad der kræves til den mindre fuldstændige, samt endvidere:

- 1) Kjendskab til Potens og Rod, Logarithmer, Regning med positive og negative Tal, Trekantens Kongruents og Ligebannethed, Maalestykke for Linier og Vinkler, Udførelse af de almindeligste geometriske Konstruktioner, Udmaalning af Flader og Legemer, trigonometriske Størrelser;
- 2) Kundskab om Himmellegemer i Almindelighed;
- 3) Bestemmelse af Bredden ved en Højde af Solen udenfor Meridianen;
- 4) Søuhrets Brug og Behandling, Bestemmelse af dets Stand ved en Højde af Solen, ved Tidssignal og ved Hjælp af et andet Uhr, hvis Stand er bestemt, samt Bestemmelse af dets daglige Gang;
- 5) Bestemmelse af Skibets Sted ved Stedlinie-Observation af Solen;
- 6) Bestemmelse af Længden ved Hjælp af Søuhret og en Højde af Solen;
- 7) Kjendskab til Redningsapparaterne og deres Brug;
- 8) Kjendskab til Brugen af den internationale Signalebog samt af de internationale Vejrsignaler;
- 9) at kunne affatte en Udarbejdelse i Islandsk i et tydeligt Sprog, med en tydelig Haandskrift, og en taalelig Rettskrivning efter opgivet Motiv vedrørende Skibsfarten;
- 10) at have gennemgaaet et Stykke paa idetmindste 200 Sider i en dansk Bog og kunne overfætte det mundtligt til Islandsk, skrive en let dansk Stil, samt fore en forstaaelig Samtale i det danske Sprog om et Hverdagsemne;
- 11) at have gennemgaaet et Stykke paa idetmindste 100 Sider i en engelsk Bog og kunne overfætte det mundtligt til Islandsk;
- 12) Kjendskab til de vigtigste Lovbestemmelser angaaende Skibsføreres Rettigheder og Pligter.

§ 4.

Examinerne ere dels mundtlige, dels skriftlige. De afholdes offentlig af en Examenkommission under Ledelse af den af Kommissionens Medlemmer, som Lands-høvdingen beftikker til Formand. Ved den mindre fuldstændige Styrmandsexamen bestaar Kommissionen af den faste Lærer ved Skolen og 2 andre af Landshøvdingen, efter Forslag, for den enes Vedkommende af Stiftsøvrigheden, for den andens af Byraadet i Reykjavik, hver Gang dertil udnævnte Mænd. Ved den mere fuldstændige Styrmandsexamen bestaar Examenkommissionen af den faste Lærer ved Skolen og 2 andre af Ministeren for Island hver Gang dertil udnævnte Mænd; for at deltage i Bedømmelsen af Examinanderes Kundskaber i de i § 3 under Nr. 9—12 opførte Fag kan der dog af Landshøvdingen beftikkes 2 andre Mænd. Overhøringen ved den mundtlige Prøve foretages af Læreren i hvert enkelt Fag, medens Opgaverne til den skriftlige Prøve i Mathematik og Navigationslære skulle affattes af Navigationsdirektøren i Kjøbenhavn og under forseglet Rubert tilstilles Landshøvdingen.

Nr. 19. Lov af 22de Maj om Oprettelse af en Navigationsstole i Island.

Nr. 19.
22.
maí.

5. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skýrteini um það, og skal þar telja þær kennslugreinir, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unnt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skýrteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er lögð, og sem stiptsyfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað fæðingar-degi og -ári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. gr.

Rjett til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eptir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið, sendir til stiptsyfirvaldanna beiðni um að mega ganga undir próf, og skal henni fylgja vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kennt honum siglingarfræði. Enginn getur gengið undir hið minna próf, nema hann hafi verið háseti á þiljuskipi í 4 mánuði að minnsta kosti. Undir hið meira próf getur enginn gengið nema hann hafi verið háseti eða yfirmaður á þiljuskipi eigi skemur en 15 mánuði og að minnsta kosti þriðjunginn af þeim tíma verið í förum milli landa; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Hver, sem staðizt hefur hið meira íslenzka stýrimannspróf og eptir það verið í förum í 8 mánuði, hefur rjett til að mega vera stýrimaður á seglskipum, sem eru í förum á milli landa, og sje hann búinn sem stýrimaður að vera í förum 2 ár, og á þeim tíma fara að minnsta kosti tvisvar milli landa, þá hefur hann rjett til að mega vera skipstjóri á seglskipi, er fer milli landa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. maí 1890.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 5.

De fornødne Bestemmelser om Examen's Afholdelse fastsættes af Ministeriet for Island.

For bestaaet Examen erholder Examinanden et Bevis, som underskrives af alle Kommissionens Medlemmer og som skal indeholde de Punkter, der har været Gjenstand for Prøven, den afgivne Karakter's Talværdi, samt det laveste og højeste Karaktertal, der gives for bestaaet Examen.

Examinandernes Navne indføres i en dertil indrettet Protokol, som opbevares af Stiftsovrigheden, og som indeholder for hver især af Examinanderne: hans fulde Navn, Fødested, Fødsels-dag og aar og den ved Examen givne Karakter.

§ 6.

Afgang til at underkaste sig de islandske Styrmandsexaminer efter de ovenfor fastsatte Regler staar aaben ikke blot for Navigationskolens Elever, men ogsaa for enhver Anden, der 3 Maaneder forinden Examen's Afholdelse til Stiftsovrigheden indsender Begjæring om at stedes til Examen, ledsaget af Vidnesbyrd om hans Kundskaber fra den eller dem, der have undervist ham i Navigationslæren. Ungen kan indstille sig til den mindre fuldstændige Styrmandsexamen uden at have fareet tilsøs som Matros paa et Dæksfartøj i mindst 4 Maaneder. Til den mere fuldstændige Styrmandsexamen kan Ungen antages, medmindre han har fareet tilsøs som Matros eller Befalingsmand i mindst 15 Maaneder, hvoraf mindst Tredjedelen i Udenlandsfart, samt præsterer Bevis for, at hans Syn har den for Styr mænd nødvendige Fejsfrihed.

§ 7.

Enhver, der efterat have bestaaet den mere fuldstændige islandske Styrmandsexamen, har fareet tilsøs i 8 Maaneder, er berettiget til at være Styrmand paa et Sejlskib, der farer mellem Island og andre Lande, og naar han som Styrmand har været tilsøs i 2 Aar og i den Tid idetmindste gjort to Farter mellem Island og andre Lande, er han berettiget til at føre Sejlskib i saadan Fart

Hvorefter alle Bedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de Maj 1890.

Under Vor kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.